

Beginnings, middles & ends. Sideways stories on the art & soul of Social work



Höfundur: Ogden W. Rogers
Harrisburg, PA: White hat
Communications, 2013.
248 bls. ISBN: 978-1-929109-35-7

Höfundur þessarar bókar er Bandaríkjaamaðurinn Ogden W. Rogers, Ph.D., LCSW, ACSW, prófessor og deildarforseti félagsráðgjafardeildar háskólans í Wisconsin-River Falls. Hann

hefur starfað á mörgum sviðum félagsráðgjafar, en aðallega við sjúkrahúsfélagsráðgjöf, bæði á vefrænum deildum og margs konar geðdeildum ásamt því að kenna félagsráðgjöf og starfa fyrir Rauða krossinn.

Titill bókarinnar lýsir uppbyggingu hennar. Hún er samansafn af litlum örsögum sem hann hefur skrifað niður í gegnum árin sem félagsráðgjafi um fagið, fólkið sem hann hefur hitt, lærdóma sem hann hefur dregið af starfinu og um það þegar honum hefur tekist vel – eða, sem hann viðurkennir fúslega, þegar honum hefur mistekist eitthvað og lært um leið dýrmæta lexíu um sjálfan sig eða aðra.

Sögurnar eru allt frá að vera tíu línur af meitluðum hugrenningum yfir í sögur um atburði sem hann upplifði og aðstæður sem hann vann sig út úr. Sumar eru um hugrekki og aðrar um ósigra en í þeim öllum er eitthvað sem talar til manns og snertir fag-strengina á margvíslegan hátt. Hann kallar þetta „sideways stories“ – hliðargötusögur – sem einkennast af því að maður byrjar að gera eitthvað ákveðið en endar svo í einhverju allt öðru. Sögurnar eru ekki í samfellu, hvorki í tímaröð né fylgja þær sérstakri atburðarás, þannig að lesandinn getur gripið niður í bókina þar sem hann vill, sleppt sögum úr og lesið þær í þeirri röð sem hann langar. Bókin skiptist í fjóra hluta. Sá fyrsti er *Beginnings*, sem vísar til byrjunarinnar í fagþróun höfundarins, og lýsir einkum því þegar hann ákveður að fara að læra félagsráðgjöf, upplifun hans af náminu og fyrstu skrefunum í flóknu starfi. Annan hlutann kallar hann *Middles*, – miðjur. Þar segir frá því þegar hann hefur

öðlast meira öryggi í starfinu og er að læra meira um sjálfan sig sem fagmann. Hann skrifar um fólkið sem hann hittir, um mistökin sem hann gerir og svo koma litlir molar sem allir sem hafa unnið við þetta fag geta samsamað sig við. Þriðja hlutann kallar hann *The dialogues of Hannah*. Þar bendir höfundur á mikilvægi þess að eiga sér faglegar fyrirmyndir, einhvern sem kennir manni, speglar mann og fær mann til að horfa á hvaða lærdóm er hægt að draga af þeim verkefnum sem fengist er við hverju sinni. Í þessum hluta segir höfundur frá lærimeisturum sínum og faglegu fyrirmyndum og segir sögur um það sem hann lærði af þeim. Lokahlutann kallar hann *Ends* – endurspeglun eða þann stað í fagþróun þegar þú horfir í baksýnis spegilinn – og þann hluta helgar hann hugleiðingum sínum um hvað hann hafi lært á öllum þeim árum sem hann hefur starfað sem félagsráðgjafi, hvað hann hefði viljað vita þegar hann var að byrja og hvað það þýðir að tilheyra þessari „klíku“ sem kallast félagsráðgjafar. Hvert er sameiginlega tungumálið, hugsunarhátturinn og faglega nálgunin sem við deilum með hvort öðru, sem vinnum þetta fag, hvert það alþjóðlega tungumál er sem við öll tölum og skiljum þegar við hittumst og ræðum fagið, félagsráðgjafar-ískan sem aðrir skilja ekki.

Við lestur þessarar bókar rifjast upp hvers vegna það var svo gaman að fá einhvern í heimsókn „af gólfinu“ til að kenna í háskólanum þegar við vorum að læra félagsráðgjöfina. Ogden er frábær sögumaður sem fær lesandann til að sjá fyrir sér það sem hann er að segja frá og oftast en ekki hlýnar manni um hjartarætur að lesa um samskipti hans við skjólstæðinga, bæði þegar hann fær jákvæða svörun og ekki síður þegar hann rekur sig á og þarf að læra af mistökum sínum. Af því lærir maður yfirleitt mest. Hann leggur fyrir lesendur súkkulaði-húðaða konfektmola sem virka eins og næring fyrir sálina. Eins og þetta sem hann kallar Lögmál andstæðnanna (*The Principle of Opposites*) í kaflanum um Miðjurnar, bls.135:

„Ég hef lesið þúsundir blaðsíðna í bókum og rannsóknargreinum um það hvernig á að aðstoða fólk sem er að upplifa áföll og streitu. Hér er það sem ég hef náð að átta mig á með öllum þessum lestri: Þegar maður er í áfallavinnu er mikilvægt að halda ró sinni og einbeita sér að þessum grunnþörfum:

- Ef einhverjum er kalt, skaltu bæta við hlýju.
- Ef það er blautt, skaltu bæta við þurru.
- Ef það er hart, skaltu bæta við mjúku.
- Ef það er myrkur, skaltu bæta við ljósi.
- Ef það er hungur, skaltu bæta við mat.

- Ef það er þorsti, skaltu bæta við vatni.
- Ef einhver er á götunni, skaltu bæta við skjóli.
- Ef einhver er nakinn, skaltu bæta við fötum.
- Ef einhver er týndur, skaltu bæta við vegvísi.
- Ef það er vonleysi, skaltu bæta við von.
- Ef það er plássleysi, skaltu bæta við plássí.
- Ef það er einangrun, skaltu bæta við fólki.


Þetta er engin stjarneldisfræði, en þú verður hissa á hvað þetta virkar vel. Þegar þú tekst á við erfiðar aðstæður skaltu halda ró þinni og nota lögmál andstæðnanna og fólk heldur að þú sért snillingur“.

Þessi bók er kjörin til að hafa á náttborðinu, grípa niður í einn og einn mola, setja jafnvel bókamerki eða asnaeyru á það sem þér finnst tala sérstaklega til þín og lesa það aftur þegar andleysi og þreyta sest í vinnulúin bein. Bókin hjálpar manni að muna til hvers maður er að sinna þessu krefjandi og gefandi starfi og færir manni faglega næringu um leið og hún er skemmtileg og vel skrifuð.

Guðlaug M. Júlíusdóttir

The Social Workers' Toolbox: Sustainable Multimethod Social Work

Höfundur: Herman de Mönnink
New York: Routledge, 2017.
579 bls. ISBN: 978-1-138-93434-4



Nýkomin er út á ensku bókin *The Social Workers' Toolbox* eftir Herman de Mönnink. Bókin kom fyrst út árið 2004 í Hollandi og vegna vinsælda hennar þar í landi var tekin sú ákvörðun að þýða hana á ensku.

Höfundur segir að sér hafi þótt vanta yfirlitsbók um aðferðir í félagsráðgjöf. Í bókina hefur hann safnað saman efni

um margar ólíkar aðferðir í félagsráðgjöf, flokkað þær og raðað, og þannig sett saman verkfærakistu fyrir félagsráðgjafa. Í bókinni má finna umfjöllun um flestar aðferðir í félagsráðgjöf.

Í fyrstu virðist bókin vera óaðgengileg og lesendum getur í byrjun fundist allir þessir flokkar vera ruglingslegir og uppsetningin flókin. Þegar efnið er skoðað nánar kemst lesandi fljótlega að því að svo er alls ekki. Bókin er í raun mjög aðgengileg og getur hæglega aðstoðað félagsráðgjafa við að velja sér aðferðir úr

verkfærakistunni. Bókin er sett upp sem kennslubók og notuð sem slík í Hollandi. Í byrjun hvers kafla eru spurningar sem svarað er í kaflanum og í lok hvers kafla eru síðan spurningar fyrir lesandann að velja fyrir sér. Höfundur skiptir aðferðum í félagsráðgjöf í þrjú svið.

Einstaklingssvið (e. individual level), kerfisvið (e. systemic level of intervention) og macro-svið. Síðan er greint frá ýmsum aðferðum í hverjum flokki.

Á einstaklingssviði eru níu aðferðir. Höfundur útskýrir þær með dæmisögum sem eru sagðar samhliða umfjöllun um aðferðirnar. Fyrst lýsir hann aðferð sem hann Notandinn ræður för (e. on-directive Basic Social Work-method) og telur höfundur að hún sé grunnaðferð í félagsráðgjöf og í raun undirstaða allra hinna 19 aðferðanna sem lýst er í bókinni. Þar er lögð áhersla á fyrstu nálgun félagsráðgjafans við skjólstæðinga sem hann kallar þriggja þrepa nálgun. Fyrst er að hitta notandann og það verður að byrja á því að skapa traust og félagsráðgjafinn verður að muna að setja sig í spor skjólstæðingsins. Skjólstæðingurinn er beðinn um að segja frá sér og ástæðu komu. Allar upplýsingar eru skráðar nákvæmlega með orðum notandans. Þá eru þær flokkaðar niður í styrkleika og veikleika. Næst er farið sameiginlega yfir upplýsingarnar og eru allir þættir ræddir. Nauðsynlegt er að skjólstæðingurinn ráði för.

Á þrepi tvö ræða skjólstæðingurinn og félagsráðgjafinn hvað hægt sé að gera í stöðunni og nú er farið að skoða í verkfærakistuna og velja aðferðir. Í þrepi þrjú er gerð áætlun, markmið sett og hafist handa. Aðferðir af þessu tagi eru flestum félagsráðgjöfum kunnar.



Höfundur lýsir öllum aðferðunum í bókinni af mikilli næmni og kunnáttu þannig að þær verða auðskiljanlegar.

Á einstaklingssviði eru nú aðferðir. Notandinn leiðir / ræður för (e. Non-directive Basic Social Work method), Hagnýt aðferð (e. Practical Materialistic Method), Unnið með líkamann (e. Body Work Method), Hreinsandi Tjáning (e. Cathartic method), Tjáning (e. Expressive method), Unnið samkvæmt hefðum og siðvenjum (e. Ritual Method), Hugræn atferlismeðferð (e. Cognitive Method), Söguaðferð (e. narrative method), Atferlismeðferð (e. Behavioral Method).

Á sviði kerfisnálgunar eru kynntar sex aðferðir: Málstjóri (e. Case Management), Hópastarf (e. Group Work), Samfélagsvinna (e. Social Network Method), Fjölskyldumeðferð (e. Family Method), Sáttamiðlun (e. Mediation Method), Tengslavinna (e. Relationship Method).

Á makrósviði eru fjórar aðferðir í boði: Fjölpáttaaðferð (e. Multimethod Research), Sameiginleg málsvörn eða Samtakamáttur (e. Collective Advocacy), Forvarnir (e. Prevention Method), Merkjásendingaaðferð (e. Signalling Method).

Á kerfisssviðinu eru sex aðferðir eins og fyrr segir, og meðal þeirra hópavinna og fjölskylduvinna. Þegar unnið er með mál einstaklinga og það kemur í ljós að margir koma að máli einstaklingsins getur verið gott að hafa teymi til að samhæfa þjónustuna við einstaklinginn. Sá sem hefur forystu í teyminu er valinn í hlutverk *málstjóra*. Málstjóri greinir þarfir notenda, hefur heildarsýn og tryggir samfellda þjónustu.

Auk aðferðakennslunnar þjálfar höfundur fagfólk einnig við að nota Fjölpáttaaðferð (e. Multimethod Social Work). Hann telur að með þeirri aðferð sé hægt að koma til móts við kröfur um mannréttindi og félagslegar þarfir einstaklinga.

Margar aðferðir í bókinni eru vel þekktar, aðrar ekki. Hvað sem þeirri þekkingu líður er bókin kærkomin að mínu viti, og ég tel að hún geti komið að góðum notum bæði fyrir byrjendur og þá sem lengra eru komnir.

Í lokakafla bókarinnar fjallar höfundur af mikilli þekkingu og skilningi um streitu í starfi félagsráðgjafans. Þar er fjallað um álag í starfi, hættu á kulnun og áfallastreituröskun.

Á Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa í Edinborg 2015 var Herman de Mönnink með vinnustofu þar sem hann kynnti hugmyndir sínar um verkfærakistu félagsráðgjafans. Ég sótti vinnustofuna ásamt nokkrum íslenskum félagsráðgjöfum og vorum við öll mjög hrifin.

Hann sýndi okkur hollensku útgáfuna af bókinni og sagði okkur jafnframt frá því að verið væri að þýða hana á ensku. Nú er bókin komin út og hvet ég félagsráðgjafa að nálgast þessa bók og lesa hana. Það er margt hægt að tileinka sér úr henni.

Það er vert að geta þess að í formála bókarinnar er Maríu Rúnarsdóttur formanni Félagsráðgjafafélags Íslands þakkað fyrir stuðning og hvatningu.

Slóðin á vefsetur Hermans de Mönnink er www.mmsocialwork.com, netfang hans er monnink@home.nl.

Ég hlakka til félagsráðgjafaráðstefnunnar hér á Íslandi í lok maí og vona að ég eigi eftir að taka þátt í jafn-áhugaverðum dagskráratriðum og um árið í Edinborg. Væntanlega verða þar á boðstólum margar góðar bækur um félagsráðgjöf, því enginn er of gamall gott að læra.

Ella Kristín Karlsdóttir

Heimasíða Tímarits Félagsráðgjafa er
www.timaritifelagsradgjafa.is

Skilafrestur efnis í næsta tölublað er
15. október 2017

Púkabækurnar: Feimnispúkar og Letipúkar

Höfundur texta: Sigurlaug H. S. Traustadóttir.

Lára Garðarsdóttir myndskreytti.

Reykjavík: Töfraland, 2016

ISBN: 9789935453327

BÓKARUMFJÖLLUN



Púkabækurnar fjalla um púka sem búa innra með sérhverju okkar. Þeir tákna vandamál eða tilfinningu sem börn (og fullorðnir) þekkja og kynna barnið fyrir verkfærum til að takast á við vandann. Púkabækurnar eru byggðar á frásagnarnálgun (e. narrative approach) þar sem áherslan er á að „vandamálið er vandamálið, einstaklingurinn er ekki vandamálið“. Það að skilja einstaklinginn frá vandanum er skemmtileg leið til að hvetja

börn til að takast á við vandann og eyða honum. Að líta svo á að barnið sé ekki vandamál heldur barn sem er að takast á við vandamál. Það gagnast vel þegar að því kemur að styrkja sjálfsmynd barnsins og auka vellíðan þess. Að gera vandann úthverfan er börnum eðlislægt og passar vel við hvað þau eru vön að fást við erfiðleika með hinum öflugum námstækifærum sem felast í ímyndunarleikjum.

Innblásturinn að baki bókunum fékk textahöfundur, Sigurlaug H.S. Traustadóttir, við að aðstoða dóttur sína við að vinna úr feimni og árangurinn lét ekki á sér standa. Höfundur þekkir feimni vel úr eigin æsku og tengir því mjög við það hvað það getur verið hamlandi að hafa Feimnispúka sem trufla daglegt líf. Hún var því ákveðin í því að aðstoða dóttur sína að ná tökum á þessum vanda. Þannig kviknaði hugmyndin en hún hefur svo undið upp á sig og nú er ljóst að vel má notast við sömu hugmyndafræði í vinnu með fleiri tegundir vandamála.

Þær tvær bækur sem nú þegar hafa komið út, *Feimnispúkar* og *Letipúkar*, fjalla um systkin sem hvort um sig tekst á við vandamál sem þau vilja gjarna vera laus við. Í bókunum segir að það sé allt í lagi að upplifa tiltekna tilfinningu en stundum geti þessi sama tilfinning verið hamlandi. Meðan á lestri bókanna stendur er barnið hvatt til að gera sér grein fyrir þessum tilfinningum og tjá þær, en samhliða sögunni koma umræðuspurningar sem hinn fullorðni lesandi er hvattur til að nýta í samræðum sínum við barnið. Með því að hlusta raunverulega á barnið getur hinn fullorðni aðstoðað barnið við að finna sína eigin lausn á vandanum. Það styrkir einnig samband barnsins og hins fullorðna. Þá er einnig fjallað um samskipti foreldra og barns til að foreldrarir fá aukinn skilning á vandanum og læri að ræða hann við barnið. Það dregur úr samskiptaerfiðleikum og pirringi.

Sú aðferð sem notast er við í bókunum, frásagnarnálgun, skapar létt andrúmsloft þar sem börnum er boðið að vera hugmyndaárík um að takast á við vandann. Þegar barnið áttar sig á því að vandamálið er viðfangsefni gagnrýnnar, og ekki barnið sjálft, þá er líklegt að það fari að tjá sig sjálft um vandann og þá hamlandi þætti sem honum fylgja. Börnin eiga þá auðveldara með að viðurkenna að vandinn *lætur* þau eða aðra líða illa og geta rætt málin af hreinskilni. Kjarni aðferðarinnar er að vandinn sé ekki óumbreytanlegur þáttur í eðli einstaklingsins heldur atriði sem hægt er að takast á við og lagfæra. Ábyrgðin á því að takast á við vandann liggur því að mestu hjá barninu en ef þau þurfa á að halda verða þau að geta gengið að því sem vísu að fá aðstoð hjá fullorðnu fólki sem þau þekkja og treysta.

Sigurlaug lærði um frásagnarnálgun í félagsráðgjafarnáminu og varð strax hrifin af þessari aðferð til að nálgast vanda hjá börnum. Hún starfaði fyrstu árin eftir útskrift á BUGL og þar var þessi aðferð notuð til að vinna á ýmsum vanda hjá þeim börnum sem nýttu þá þjónustu. Því má sjá að þessi leið til nálgunar á úrlausn vandans er ekki gripin úr lausu lofti en víða um heim er notast við frásagnarnálgun í vinnu með börnum og fjölskyldum. Sigurlaug og Lára eru með fleiri bækur á teikniborðinu og verður spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér í þessum efnunum.

Sigurlaug H.S. Traustadóttir



Kynfræðsla fyrir börn og unglunga með röskun í taugaþroska



Kynheilbrigði er mikilvægur þáttur í lífi sérhvers manns og hluti af almennu heilbrigði og vellíðan. Kynfræðsla og sjálfstyrking hefur sjaldan verið jafnmikilvæg og nú, ekki síst í ljósi þess hversu auðvelt er að nálgast

klám og misgóðar upplýsingar um kynlíf á veraldarvefnum. Þegar kemur að því að læra á öll áreitni í umhverfinu, ekki síst þau sem fylgja netvæðingunni, standa börn og unglunga með skertan taugaþroska oft höllum fæti samanborið við jafnaldrá sína. Unglingar með skertan taugaþroska eiga yfirleitt erfiðara en hinir með að lesa í félagsleg samskipti og læra af reynslunni. Þau eiga mörg erfitt með að greina hvað er í lagi og hvað ekki, skilja í hverju hættur felast, til dæmis á veraldarvefnum eða í textaskilaboðum á fésbókinni og öðrum samfélagsmiðlum. Rannsóknir sýna að þrátt fyrir þetta mismæmi eru börn og unglunga með skertan vitsmunþroska uppteknir af kynverund sinni, hafa kynferðislegar þarfir, langar að prófa sig áfram og eiga í ástarsambandi (María Jónsdóttir 2014).

Ekki segja öllum

Stundum lendir fólk í rífríði eða vinaslitum. Það er ekki gott að segja frá því á netinu, til dæmis á Facebook. Það er betra að leita til annars vinar eða einhvers sem þú treystir til að fá góða ráðgjöf.



Margar rannsóknir hafa sýnt að börn og ungmenni með þroskafrávik eiga mun frekar á hættu að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi en jafnaldrarnir (Sobsey, 1994). Kynfræðsla er mikilvæg fyrir öll börn og unglunga en í ljósi þessarar áhættu ætti hún að hafa forgang hjá börnum með frávik í taugaþroska. Forvarnir eru taldar besta aðferðin til að stuðla að því að kynverund barna

og unglunga þroskist með eðlilegum hætti. Þess vegna þarf að tryggja að þeir sem eru með sértækar þarfir fái nægilega kynfræðslu og þjálfun í félagsfærni, og læri þær samskiptareglur sem gilda. Þannig geta þeir lifað öruggari en ella í síbreytilegu nútímasamfélagi.

Börn og ungmenni með skertan vitsmunþroska þurfa því einstaklingsmiðaða kennslu og þjálfun í félagsfærni og kynfræðslu. Ljóst er að hefðbundnar kennsluáðferðir duga skammt. Námsefnið þarf að vera hagnýtt og miðast við þarfir hvers nemanda (María Jónsdóttir, 2014).



KENNSLUEFNI

Félagsfærnisögur (e. social stories) hafa lengi verið notaðar sem kennsluáðferð fyrir börn og ungmenni með frávik í taugaþroska. Tarnai og Wolfe (2008) telja að þær nýtist vel í kynfræðslu. Félagfærnisögum er ætlað að kenna rétta hegðun í félagslegum aðstæðum. Hver saga er löguð að einstaklingnum sem hún á að höfða til og fylgja hverri sögu nákvæmar leiðbeiningar sem vinna á með. Sögurnar hafa reynst gott hjálpartæki fyrir nemendurna, aðstandendur þeirra og kennara. Hugmyndin að baki lífsleiknisögunum sem fjallað verður um hér á eftir byggist að hluta til á aðferðum félagsfærnisagna.

Leikni.is – fræðsluefni um samskipti og kynheilbrigði

Skort hefur hagnýtt fræðsluefni á íslensku um kynheilbrigði og færni í daglegu lífi fyrir ungt fólk með frávik í taugaþroska, aðstandendur þess og leiðbeinendur. Af þeim sökum var farið af stað með verkefnið *Leikni – fræðsluefni um samskipti og kynheilbrigði*. Á Leikni-



vefsetrinu (www.leikni.is) má finna myndskreyttar lífsleiknisögur, meðal annars um kynþroska, sjálfsmynd, sjálfsfróun og netnotkun. Á vefsetrinu er einnig annað kennsluefni sem nýtist vel þegar þarf að sniða kennsluna að einstökum nemendum. Auk þess má þar finna ráðleggingar um þætti sem gott er að hafa í huga þegar verið er að fjalla um viðkvæm mál. Lífsleiknisögurnar er hægt að nýta við að leiðbeina um viðeigandi hegðun og kenna nýja færni við ólíkar aðstæður. Þær eru fyrst og fremst ætlaðar börnum og unglingum með frávík í taugþroska. Sumar sögurnar eru ætlaðar börnum frá 10 ára aldri en aðrar höfða til unglunga og fullorðinna. Höfundar vonast til að efnið verði gagnlegt við að koma af stað umræðum og skoða málín frá mismunandi sjónarhornum. Þá getur verið heppilegt að nota kennsluefni sem bent er á á vefsetrinu samhliða sögunum.

Vinnan við lífsleiknisögurnar hófst árið 2014. Þá voru samdar fjórar lífsleiknisögur út frá upplýsingum sem fengnar voru með viðtölum við 10 ungmenni á aldrinum 14–21 árs (4 piltar og 8 stúlkur) með röskun á einhverfurófinu. Auk þess var rætt við nokkra foreldra um sama efni. Lagt var upp með þá spurningu hvað þyrfti helst að varast eða fá fræðslu um í tengslum við netnotkun og ástarsambönd að mati viðmælenda.

María Jónsdóttir félagsráðgjafi, Guðrún Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi og Laufey Gunnarsdóttir þroskaþjálfari tóku viðtölin og greindu þau. Upplýsingar úr viðtölum voru nýttar í sögunum *Netnotkun*, *Sjálfsmynd* og *Samskipti* (Sambönd og Vinátta). Hinar sögurnar voru samdar síðar með það fyrir augum að mæta eftirspurn eftir fræðsluefni um kynheilbrigði og færni í daglegu lífi. Þá eru fleiri sögur væntanlegar.

Velferðarráðuneytið, Soroptimistafélag Reykjavíkur og Minningarsjóður Þorsteins Helga Ásgeirssonar styrktu verkefnið.

María Jónsdóttir og Guðrún Þorsteinsdóttir

Heimildaskrá

- María Jónsdóttir (2014). Kynheilbrigði. Í Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen (ritstj.), *Litróf einhverfunnar* (bls. 327–338). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sobsey, R. (1994). *Violence and abuse in the lives of people with disabilities: The end of silent acceptance?* Baltimore: Paul H Brookes.
- Tarnai, B. og Wolfe, P.S. (2008). Social stories for sexuality education for persons with autism/pervasive developmental disorder. *Sexuality and Disability* 26(1), 29–36.